

- d. Vottorð um að varan hafi verið í frosti > -20°C í a.m.k. 2 mánuði.
- e. Sláturdýrum hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum sem viðurkenndar eru af Evrópusambandinu eða Bandaríkjum Norður-Ameríku sem útflutningshús.
- f. Að kjötið sé laust við salmonellusýkla.
Leiki vafi á gildi heilbrigðisvottorðs eða upplýsingar eru óljósar, skal leita álits yfir-dýralæknis sem sker úr um gildi vottorða.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. maí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Ekki verður skipt á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf sem nemur lægri fjárhæð en kr. 727.000,00 miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1996, 209,7 stig. Þó er heimilt að skipta á fasteignaveðbréfum fyrir húsbref vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði, fyrir fjárhæðir að lágmarki kr. 500.000,00 miðað við sömu vísitölu, enda verði lánstíminn ekki lengri en til 15 ára. Hámarkslánstími fasteignaveðbréfa vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði skal vera 25 ár.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 118. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. maí 1996.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyrarbakkaheppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1996.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð, sumarbústað eða fyrirtæki í sveitarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim fyrirtækjum, sem sjálf annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald, sem miðast við áætlaðan fjölda sorpíláta að mati hreppsnefndar Eyrarbakkahepps.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1996 er sem hér greinir:

	Íbúðir/fyrirtæki	Sumarbústaðir
Sorphreinsigjald	4.500 kr. á ílát	1.350 kr. á ílát
Sorpeyðingargjald	2.500 kr. á ílát	750 kr. á ílát
Samtals sorphirðugjald	7.000 kr. á ílát	2.100 kr. á ílát

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfísráðuneytinu, 9. maí 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um friðlýsingu innra borðs Miðbæjarskólans í Reykjavík.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt: Með vísan til 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar að friða innra borð húseignarinnar Miðbæjarskólann við Fríkirkjuveg í Reykjavík.

Friðun þessi tekur til herbergjaskipunar í suður- og vesturálmum á báðum hæðum, nánar tiltekið til ganga, stiga og skólastofa. Auk þess leikfimisalar í norðurálmum, svo og bað- og búningsklefa í kjallara norðurálmum og smíðastofu í kjallara vesturálmum.

Ritað í Reykjavík, 22. apríl 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.